

## Vogasetur - Sérdeild fyrir nemendur með einhverfu.

Markmið deildarinnar er að sinna einstaklingsmiðaðri kennslu og styðja við nám nemenda í almennu skólastarfi. Allir nemendur sérdeildar eru skráðir í almenna bekki og er stefnt að því að nemendur taki eins mikinn þátt í almennu skólastarfi og kostur er. Tekið er þó mið af getu hvers og eins nemenda til þátttöku í bekkjarstarfi.

Í dag eru 7 nemendur sem stunda nám sitt í sérdeildinni. Vogasetur er ein af sex sérdeildum fyrir nemendur með einhverfu í Reykjavík en aðrar sérdeildir eru í Fellaskóla, Foldaskóla, Háaleitisskóla, Hamraskóla og Langholtsskóla.

Sækja þarf formlega um inngöngu í sérdeildina en það er gert með því að fylla út eftirfarandi umsóknarblað og er umsóknarfrestur 1. mars ár hvert. Með umsókn þarf að fylgja staðfest greining á að barnið sé með röskun á einhverfurófi. Sérstakt inntökuteymi fjallar um umsóknina og tekur ákvörðun um inntöku. Umsóknir skilist til Skóla- og frístundasviðs, Borgartúni 12-14 eða til viðkomandi skóla. [http://reykjavik.is/sites/default/files/umsokn\\_einhverfudeild.pdf](http://reykjavik.is/sites/default/files/umsokn_einhverfudeild.pdf)

Í Vogasetri er unnið eftir hugmyndafræði um skipulagða kennslu eða TEACCH (Treatment and education of autistic and related communication handicapped children). Þá er lögð áhersla á sérþarfir nemenda með einhverfu með tilliti til skipulags á námsumhverfi þeirra og kennslu. Jafnframt er lögð áhersla á fyrirsjáanleika í námi þeirra á hverjum degi og er hver nemandi með sitt dagskipulag. Leitast er við að hafa umhverfi nemenda í sérdeildinni sjónrænt sem styður við nám þeirra og sjálfstæði í skólaumhverfinu.